

Skólaráðsfundur

13. desember 2022 kl. 8:15 í Tjarnarsal

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson fulltrúi kennara, Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Rebekka Riviere Magnúsdóttir og Manassa Qarni fulltrúar foreldra og Júlía Teresa Radwanska og Emilía Rós Símonardóttir fulltrúar nemenda.

1. Starfsáætlun

Farið gróflega yfir innihald starfsáætlunar á heimasíðu skólans. Efnisyfirlit skoðað og einstakir kaflar kynntir og ræddir.

2. Umhverfisstefna

Farið yfir umhverfisstefnu skólans á heimasíðu skólans. Einstakir liðir ræddir sérstaklega, m.a. nestismál og afgangar og rusl aftur heim. Rætt hvort æskilegt sé að bjóða upp á smurt nesti í skólanum sem foreldrar greiði fyrir. Slíkt fyrirkomulag væri viðbót við mannahald í eldhúsi. Rætt um útikennslustofu, garðrækt og fleira í þeim dúr varðandi sjálfbærni. Spurt hvort ræstivörur sem skólinn notar séu umhverfisvænar eins og fram kemur í umhverfisstefnu. Skólastjóri upplýsti að umhverfisnefnd væri starfandi og væri að vinna að markmiðum skólans m.a. út frá Grænánaverkefnum.

3. Lestrarstefna

Rennt yfir lestrarstefnu Stóru-Vogaskóla og uppbyggingu hennar. Lestrarstefnuna er að finna á heimasíðu skólans.

4. Önnur mál

- Trúmál rædd og kirkjuheimsóknir nemenda sem ekki eru ástundaðar.
- Umferðaröryggismál við skólann og þá sérstaklega gatnamót Tjarnargötu og Vogagerðis.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarritari: Hilmar Egill Sveinbjörnsson